

Athugasemdir Markaðsstofu Norðurlands við frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð

Markaðsstofa Norðurlands (MN) saknar þess að sjá ekki í þessu frumvarpi áætlanir um uppbyggingu fleiri alþjóðaflugvalla á Íslandi en í Keflavík. Í 2. gr. frumvarpsins eru tilgreind verkefni ríkisins í uppbyggingu og rekstur flugvalla. Í þeirri upptalningu vantar alveg uppbyggingu og rekstur Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar sem „borgaralegra alþjóðaflugvalla“ eins og það er orðað í frumvarpinu.

Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að stjórnvöld hafa ákveðið að ráðast í uppbyggingu á Akureyrarflugvelli - stækka flugstöð og flughlað til muna. Þetta eru framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að geta opnað þar alþjóðlega fluggátt til framtíðar og mikið fagnaðarefni að þetta sé nú að verða að veruleika. Því ætti í nýjum lögum að vera fjallað um þessa uppbyggingu.

Fleiri alþjóðlegar gáttir inn í landið eru forsenda áframhaldandi uppbyggingar og þróunar sjálfbærrar ferðaþjónustu á Íslandi. Ferðaþjónusta er ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og það að hafa bara eina fluggátt inn í landið takmarkar verulega framtíðarmöguleika greinarinnar til þróunar og eflingar. Keflavíkurflugvöllur einn er trekt sem hefur neikvæð áhrif á flæði ferðamanna út um land. Með því að opna fleiri gáttir má auka og bæta flæði ferðamanna um landið og minnka árstíðasveiflu í ferðaþjónustu, sem er viðvarandi um allt land utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt skapast tækifæri með nýjum áfangastöðum, nýjum vörum og auknum tekjum af greininni. Þetta er því hagsmunamál allrar þjóðarinnar, ekki bara þeirra sem búa næst flugvöllum.

26. febrúar 2021

Virðingarfyllt,

Arnheiður Jóhannsdóttir
Framkvæmdastjóri